

Sp.

10. Tillaga til þingsályktunar

um fangagæzlu.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á aðbúð fanga og fyrirkomulagi fangagæzlu í íslenskum fangelsum og að gera gagnræðar ráðstafanir til umbóta í þessu efni.

Greinargerð.

Nýlega hefur Hallgrímur Hallgrímsson verkamaður, sem dvaldi mestan hluta ársins 1941 sem pólitískur fangi í fangahúsinu á Litla-Hrauni, ritað grein í „Nýtt dagblað“ um dvöl sína þar, og hefur grein þessi vakið alþjóðarathygli. Í ritgerð hans er skýrt frá vanhirðu í fangelsi þessu, sem keyrir úr hófi fram, réttlæsi og öryggisleysi fanganna og í einu orði sagt svo óhæfri fangagæzlu, að ekki verður við unað.

Skulu hér tilfærð nokkur ummæli úr ritgerð Hallgríms. Eftirfarandi kafli gefur nokkra hugmynd um „heimilisbrag“ á Litla-Hrauni:

„Við komum austur um miðjan dag. Þar blasti við hár og skáldaður húshjallur með járngrindum fyrir öllum gluggum og dyrum. Í kring lá mikið af rusli og skrani, og steinstéttin framan við aðaldyrnar mjög brotin og úr sér gengin.

Okkur var vísað hverjum til sins klefa — og læstir inni —. Það voru mjög litlir klefar; stóðu þar inni rúm með teppum og „servantur“; veggir voru ákaflega skellóttir og meira og minna útkrotaðir; var það krot ekki allt sem geðslegast. Klefarnir voru mjög óhreinir og höfðu ekki verið málaðir í háa herrans tíð. Við spurðum, hverju innilokunin sætti, og svaraði gæzlumaður, að slíkt væri venja þangað til læknir hefði skoðað nýja fanga, en hann kæmi von bráðar.

Þó kom læknirinn ekki þennan dag og ekki næsta dag né hinn þriðja. Þannig húktum við inni í 4 sólarhringa, og var annríki læknisins borið við.

Matur var borinn til okkar í klefana, hafragrautur og mjólk kvölds og morgna, heitur matur um hádegi. Var maturinn í knappasta lagi (einkum um hádegið), óhönduglega framreiddur og ekki sem þrifalegastur. Um hádegi var tíðast fiskur og mjög lélegt kartöflumælk. Óverkuð fiskstykki, ófleysjaðar kartöflur og feiti — allt var sett á einn disk og þannig borið í klefann. Matarilátin voru ekki alltaf vel hrein, og mjólkurkönnurnar neðan við allar hellur: emileraðar blikkkönnur, allar meira og minna skellóttar og beyglaðar. — Með strangasta hreinlæti hefði reynt nær ógerningur að halda þeim nothæfum undir mat, hvað þá ef því væri svo ábótavant sem hér virtist vera. Þó var hitt allra lakast, að jafnan var grugg í botni mjólkurkönnunnar, svo að aldrei var hægt að neyta morgun- eða kvöldverðar með góðri lyst. Þessi óhreinindi mjólkurinnar entust allan dvalartíma minn á Litla-Hrauni.

Að liðnum þessum 4 dögum kom Lúðvík Norðdal, læknir á Eyrarbakka, að skoða okkur. Ég spurði hann, hvort mikið annríki hefði gert honum ókleift að koma fyrr. Ónei, hann hafði bara ekki verið beðinn að koma fyrr en þetta. Hins vegar væri það alvanalegt, að Hælið léti menn bíða nokkra daga innilukta áður en hann skoðaði.

Þar sem Lúðvík er í stjórnarnefnd Hælisins og um leið læknir þess — og ber því að líta eftir heilbrigðis- og þrifnaðarmálum stofnunarinnar —, bar ég fram við hann umkvörtun yfir því, sem ég hafði þegar séð af þrifnaðarskortu, bæði að því er mat áhrærði, svo og salerni og húsakynni að ýmsu leyti. Svar læknisins verður mér lengi minnisstætt.

Í upphafi kvað hann svo á, að í þessum sökum væri hann mér kannske ekki alls kostar ósammála, — en — það væri nú svo með þetta hús, að það væri einhvern veginn svo erfitt að halda því hreinu; og hvað mjólkina snerti, þá mætti kannske að skaðlausu vera meira hreinlæti í meðferð hennar, — en — þó væri hún nú talin sæmi-

leg, svona eftir því sem gerðist og gengi. Síðan sagði hann mér átakanlega sögu af því, að eitt sinn í Rvík hefði hann séð kolsvart grugg í mjólkurflösku frá samsölunni. Átti sagan að réttlæta það, að Hælið bæri föngunum grugguga mjólk í óhæfum blikk-könnum tvisvar á dag.

Mér varð það ljóst þegar í stað, að hér var maður, sem vildi enga breytingu.

Að skoðun lokinni var mér vísað inn á varðstofuna til yfirmanns Hælisins, Teits Eyjólfssonar fangavarðar. Tók hann af manni eins konar skýrslu. — Ég spurði hann um ástæðuna fyrir innilokuninni, og bar hann annriki læknisins fyrir sig. Þegar ég benti á ummæli Lúðvíks læknis til sönnunar því, að ekki gæti þeirri orsök verið til að dreifa, hikaði Teitur við og svaraði því með nokkrum valdsmannssvip, að það væri hér farið með okkur eins og aðra fanga og ekkert lakar. Ég svaraði því til, að það gæti rétt verið, enda hefði piltur nokkur sagt mér í gegnum klefahurðina, að hann og annar til hefðu setið viku inniluktir, er þeir komu, og að fangi, sem vildi ekki fara svangur út til vinnu einn daginn, hefði verið lokaður inni um það bil 2 vikur fyrir; enda væri ég ekkert að kvarta yfir hlutdrægni, heldur biðja um skýringar. — Fangavörður svaraði — enn svipmeiri —, að mér kæmi það ekkert við, hvernig farið væri með aðra.“ ...

„Hælisbyggingin var í gagngerðri niðurniðslu í smáu og stóru og allir hlutir svo óhreinir, að manni bauð við. Ber steingólf, uppúrbrotin; gluggar mjög fúnir og óþéttir; dyr víða úr lagi gengnar; víða op á veggjum meðfram leiðslum, og langt virtist vera liðið síðan málað hafði verið.

Annað salerni hússins var ónothæft; hitt tæplega manni boðlegt. Baðklefinn, þar sem allir áttu að þvo sér við einn vask, mjög óaðlaðandi sökum vanhírðu. Félagi minn, Ásgeir, varð að flýja klefa sinn eftir nokkra daga — vegna leka niður úr loftinu —.

Engin sérstök manneskja sá um þvott fanganna, heldur voru einhverjir úr þeirra hópi látnir annast það, er því varð ekki lengur skotið á frest; um kunnáttu til starfsins var ekki spurt. Samkv. þvotta-„kladda“ Hælisins höfðu 26 þvottar verið þvegnir á tveim undangengnum árum (miðað við mitt sumar s. l.), eða rúmlega einn þvottur á mánuði til jafnaðar.

Þegar að því er gætt, að á Hælinu er allajafnan nokkuð af fáráðlingum og sóðum, þá ætti engum að koma það á óvart, þó að klæðnaður fanganna og rúm væri ekki sem hreinast undir þeim hreinlætisskilyrðum, sem þegar er lýst.

Við komu okkar á Litla-Hraun var a. m. k. einn fanginn grálúsugur, og fleiri urðu brátt „varir“. — Það var kvartað um þetta til gæzlumanna og fangavarðar, en þó liðu fleiri vikur áður en lúsaplágunni var af létt.“

Skulu nú birtir kaflar úr lýsingu Hallgríms á handahófsrefsingum þeim, sem beitt var gegn honum og öðrum föngum á „Vinnuhælinu“, og gefa þeir nokkra hugmynd um „hæfni“ fangavarðarins:

„Ellefta apríl — á föstudegi — var ég kvefflasinn og fór ekki út til vinnu. Var ég þá læstur inni í klefa samkvæmt venju á stofnuninni. Undir helgina var ég orðinn frískur aftur, en þó var klefi minn enn lokaður að morgni sunnudagsins. Ég spurði gæzlumann nr. 2, hverju þetta sætti. „Það er venja hjá okkur að láta mönnum batna vel, þegar menn verða lasnir,“ svaraði gæzlumaður. Ég sagðist vera laus við kvefið, og þó ég væri það ekki, byði enginn heilsutjón af því að hreyfa sig um húsið. Þetta hlyti því að vera refsiaðgerð fyrir að hafa orðið lasinn.

Það vildi gæzlumaður ekki viðurkenna.

Þá fór ég fram á það, annaðhvort að opnað yrði fyrir mér eða ég fengi fyrir-mæli læknis um, að ég þyrfti að vera innilokaður vegna heilsunnar. Hann kvaðst ekki geta annað gert en skýra Teiti frá þessu. Ég bað hann þá um viðtal við fangavörð, sem dvaldi í húsi sínu rétt hjá Hælinu, og er símasamband á milli. Litlu síðar kom gæzlumaður og sagði, að Teitur mætti ekki vera að því að tala við mig fyrr en á morgun!

Klefinn var læstur allan sunnudaginn og hálfan mánudaginn. Þá fékk ég að tala

við höfðingjann, og hann skýrði fyrirbrigðið á þessa leið: „Þegar menn verða grunsamlega veikir á virkum dögum, en frískir á sunnudögum, þá höfum við þá reglu að láta þá jafna sig á sunnudögum líka.“ — Það skal játað, að mig hafði sjaldan langað eins til að gefa manni á kjaftinn eins og nú, þegar ókunnur maður bar á mig jafnósóvifna aðdróttun. En þvílíkt gat fangi ekki leyft sér við fangavörð.

Seinnipart mánudagsins fór ég aftur út til vinnu. Einn fanganna skýrði mér þá svo frá, að hann hefði verið lasinn snemma í síðustu viku. Á fimmtudegi kom lækurinn, taldi hann hafa sprungna æð í maganum, gaf honum meðal og sagði, að hann mætti fara til vinnu næsta morgun (föstudagsmorgun). En fanganum var ekki hleypt út á föstudaginn, laugardaginn eða sunnudaginn. Á mánudag, þegar út var komið, fékk hann þá athugasemd, að það væri einkennilegt að verða frískur á tóbaksdegi! (Tóbaki var úthlutað upp í „vinnulaun“ á föstudögum, einum þk. Justmann og 5 eldstökkum; var það skammtur til vikunnar.)

Eftir nokkra dvöl á Hælinu sendum við fangaverði bréf, undirskrifað af flestöllum, þar sem kurteislega var farið fram á nokkrar breytingar: meiri þrifnað við mat, lagfæringu salerna, hálfsmánaðarlegan þvott, aflúsun, ljós einum tíma lengur á kvöldin, að hætt yrði að refsa mönnum fyrir að verða veikir o. fl. Þessu bréfi var aldrei svarað.

Vorið og sumarið var ég samtíða fanganum N. Það var ungur, gelgjulegur piltur, dæmdur fyrir fjölda innbrota og hjófnáði án vins. Hann var eini maðurinn, sem ég hef kynnt með áberandi glæpahneigð, og hafði uppeldið (að sögn) einnig verið gallað. N. hafði alls enga siðferðisundirstöðu.

Um vorið hafði piltur þessi bölvæð mjög yfir fæði og úthúðað yfirmönnum allra fanga mest og verið lokaður inni nokkra daga fyrir að „rífa kjaft“, eins og það var kallað. Eftir þessa innilokun breyttist allt háttalag piltins. Tók hann nú að skrifa áberandi fyrir yfirmönnum, en sniðganga okkur fangana; enda hafði hann þegar komið sér út úr húsi hjá flestum okkar vegna margvíslegra ómerki-
legheita.

9. júní hafði ég um kvöldið fengið leyfi til að skreppa út og vökva kálgarðsholu, er við áttum í félagi þrjár fangar. Á meðan höfðu hinir skotið á fundi og skrifað bréf til Teits, þar sem farið var fram á að mega vera úti við knattspyrnu og aðra leiki ofurlitla stund á kvöldin, þegar vel viðraði. Bréfið var samþykkt af öllum viðstöddum.

Nokkrum mínútum síðar fær N. leyfi til að skreppa niður í hús til Teits. N. hafði verið á fundinum og samþykkt bréfið eins og hinir. Nú gengur hann á fund yfirmannsins og lepur í hann um fundinn og hvað hver hafi talað. Og af því að piltinum var í nöp við mig, grípur hann tækifærið og rægir mig fyrir „undirróður“ og „æsingar“, er ég eigi að hafa rekið meðal fanganna.

Morguninn eftir eru klefarnir ekki opnaðir hjá mér og 4 öðrum.

Ég spurði, hverju þetta sætti.

„Þú færð að vita það seinna,“ svaraði gæzlumaður.

Síðar um daginn var ég kallaður fyrir fangavörð. Hann setti sig í stellingar og lýsti yfir: „Ég hef hugsað mér að taka þig úr umferð fyrir undirróður meðal fanganna. Hvað síðar verður gert við þig, er enn ekki afráðið.“

Þetta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti: Í fyrsta lagi vera þorinn upplognum sökum, og í öðru lagi vera tilkynnt um fyrirhugaðar refsingar fyrir hinar upplognu sakir — án allrar málsrannsóknar!

Ég spurði, hver þessi „undirróður“ væri. Svaraði Teitur því, að ég þyrfti ekki um að spyrja, en hann liði ekki, að fangarnir væru æstir upp til „flokkadrátta“.

Þá lýsti ég yfir því, að ásakanir þessar væru með öllu tilhæfulegsar, og hlyti hann þar að byggja á röngum upplýsingum, hvaðan sem þær væru.

Hann minntist þá á, að hér væru uppi miklar umkvartanir með fæðið o. fl. og lét á sér skilja, að „undirróðri“ frá mér væri um að kenna.

Ég henti á, að allir væru óánægðir með fæðið og væri margt um það rætt í hópi

fanganna, en mér vitanlega hefði enginn sérstakur skipulagt þá óánægju, enda þyrfti ekki áróður til að finnast slæmur matur vondur.

Frekari skýringar fékk ég engar og var lokaður inni á ný.

Næsta dag pantaði ég viðtal og ætlaði að krefjast einhverra raunverulegra og rökstuddra ástæðna, en fékk ekki að ná tali af höfðingjanum.

Inni sátum við allir 5 þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag. Föstud. 13. júní var mér sagt að fara út í bíl og ætli ég að fara „suður“.

Þegar út kom í vagninn, voru þar fyrir Teitur og 1. gæzlumaður. „Hvaða ferðalag er þetta?“ spurði ég. „Ó, við erum á leið suður,“ svaraði fangavörðurinn. Ég kvaðst vera litlu nær fyrir það, en hinn anzaði því engu. — Var svo ekið þegjandi til Reykjavíkur og mér stungið inn á Skólavörðustíg 9.

Hælishöfðinginn staldraði við eitt augnablik í klefanum, og ég æskti skýringar á þessu brótti. Varðist hann allra fréttu, en sagðist koma aftur og tala við mig að viku liðinni. Ég sagði honum, að allt „undirróðursþvaðrið“ væri rógur og þvættlingur frá upphafi til enda, og að sú aðferð væri hæpin, að refsa mönnum eftir söguhurði langómerkilegasta píltsins á Hælinu.

Vildi hann hins vegar komast að hinu sanna, legði ég til, að hann yfirheyrði hvern einasta fanga á Litla-Hrauni og reyndi þannig að fá úr því skorið, hvort ég hefði rekið hinn margumtalaða „undirróður“ meðal þeirra. Gaf Teitur ekkert út á það, nema hvað hann taldi sig mundu „rannsaka“ málið nánar, og fór síðan.

Hurðin luktist, og inni sat ég í skuggalegum og sólarlausum klefa, og það var grafarkyrrð. — Magnús fangavörður skýrði mér frá því, að ég væri sviptur heim-sóknum, blöðum og útivist í garðinum, dómsmálaráðuneytið hefði fyrirskipað algerða einangrun. Ég vissi, að kona mín var í þann veginn að leggjast á sæng og mundi henni óholtt að heyra á skotspónum fregnir af dvöl minni í tukhúsinu, svo að ég skrifaði henni nokkrar línur um, að ég yrði hér a. m. k. vikutíma og liði vel. Bréfið var ekki sent fyrr en á 4. degi eftir að ég kom, þrátt fyrir stöðugar ámalganir. Voru þá komnar fregnir af för minni í tukhúsið upp á fæðingardeild til konu minnar — eftir krókaleiðum —.

Í klefanum lá ég afskorinn frá umheiminum og las eldhúsreyfara, er Magnús fangavörður lánaði mér. 17. júní skrifaði ég dómsmálaráðuneytinu bréf varðandi úttekt dóms míns. Þegar ég hað fangavörðinn að koma því, vildi hann ekki taka við því, þar eð Gústaf Jónasson fulltrúi hefði skýrt sér frá því í síma, að dómsmálaráðuneytið anzaði engu bréfi, er frá mér kynni að koma. Ekki vil ég fullyrða, að ég hafi gengið með himinháar hugmyndir um réttarfarið á Íslandi, en þó verður að viðurkenna, að tæplega hafði ég húizt við svona berri yfirlýsingu um hlutdrægni hinnar æðstu stofnunar þess.“ ...

„Að morgni mánudags 7. júlí var ekki opnað fyrir 5 mönnum. Ég var ekki með í þetta sinn. Ekki var þeim tilkynnt neitt um það, hvað á seyði væri. Það var 1. gæzlumaður, er stóð fyrir þessu, og haft var eftir honum, að þessir piltar væru inni af því að hann vildi ekki hafa þá lausa í húsinu vegna hávaða og láta, brytinn vildi ekki hafa þá í borðstofunni og verkstjórnir vildu ekki hafa þá við vinnu.

Að þrem dögum liðnum var einn þeirra settur út í heyskapinn á ný — án þess að fá nokkra skýringu eða yfirléitt að við hann væri talað — eftir því, er hann skýrði mér frá.

Að fjórum dögum liðnum er tveimur sleppt út í einu. Þeir hitta Teit að máli og spyrja um ástæðuna. Hann fer undan í flæmingi og gefur enga skýringu, en lætur á sér skilja, að það sé allt í lagi með þá, eða jafnvel að refsingin hafi byggzt á mis-skilningi! (samkvæmt frásögn þeirra).

Að átta dögum liðnum (15. júlí) er einum sleppt, af því fangavist hans var á enda. Fangavörðurinn segir við hann, að reyndar eigi hann eftir að vinna 17 daga á Hælinu, því hann hafi verið svo mikið innilokaður (!!), en samt ætli hann nú að sleppa honum með þetta. (Samkvæmt frásögn fangans.)

Að 10 dögum liðnum er loks þeim síðasta sleppt út undir bert loft — þegjandi

og skýringarlaust. Teitur fangavörður var þar hvergi nærri, og hefur ekki síðan gefið honum upp neina ástæðu! (Samkvæmt frásögn þessa manns.)

Hinir 4 refsuðu menn gengu nú til vinnu, um húsið og matarkompuna eins og áður, og enginn sá nein umskipti á þeim, enda ekkert sérstakt út á þá að setja. Brytinn og a. m. k. annar verkstjórinn neituðu því að hafa nokkurn tíma afsagt piltana.“

„Um vorið unnum við eitt sinn alla nóttina í nauðaerfiðri saltuppskipun í Þorlákshöfn (fyrir Kaupfélag Árnesinga), og var sú eftirvinna greidd með 10 kr. Samkvæmt taxta hefði kaupið þá nótt orðið kr. 49.37 (13 tímar eftir- og næturvinna). Flestir héldum við, að eftirvinnan yrði greidd með 1 krónu, enda hafði annar verkstjórinn talið það líklegt í viðtali við einn af föngunum. Um morguninn 30. júlí, áður en lagt var af stað til heyvinnu vestur í Þórðarkot (sem er eyðikot vestur af Eyrarbakka), hitti ég ásamt 3—4 öðrum föngum Teit fangavörð, og báðum við hann að tala við okkur nokkur orð. Við ætluðum að spyrja hann um eftirvinnu-„kaupið“, því okkur virtist frágangssök að vinna fyrir minna en 2 kr. um tímann, en eftir- og helgidagavinna er ekki skylda fanga.

Gagnstætt allri venju neitaði fangavörðurinn að tala við okkur, með þeirri áthugasemd, að nú væri kominn vinnutími. (Ég þekki ekki neitt annað dæmi þess, að Teitur neitaði að tala við fanga, sem hitti hann í vinnutíma.) Urðum við því einskis vísari um hina illræmdu eftirvinnu, og var ekið vestur eftir.

Um hádegi, er við sátum að máltíð í Þórðarkoti, spurði ég verkstjóran, hvert eftirvinnukaupið væri, og taldi hann það vera kringum 1 kr.

Ég lét í ljós, að okkur fyndist það lítið, og lýsti því yfir, að „ég fyrir mitt leyti ynni ekki eftirvinnu upp á þær spýtur.“

Svaraði verkstjóri því á þessa leið: „Þeir, sem ekki vilja vinna eftirvinnu, geta þá farið heim.“

Að máltíð lokinni sendi verkstjóri mig einan til að vinna með 3 Eyrbekkingum í nokkurri fjarlægð frá Þórðarkoti, en rétt við bilveginn til Eyrarbakka. Rétt fyrir 7 um kvöldið hætti ég og lagði af stað eftir veginum á leið „heim“. Ég gat nefnilega ekki skilið orð verkstjórans öðruvísi en svo, að ég ætti að fara „heim“ að lokinni dagvinnu, þar eð ég vildi ekki vinna eftirvinnuna. Á veginum dvaldi ég við langa stund í von um, að Hælisbíllinn færi þar um, en það brást, og því gekk ég austur á Hæli sem leið liggur.

Einhvern tíma um miðja næstu nótt er ég vakinn upp og skipað að fylgja með og hafa ekkert meðferðis nema vatnsflösku. Skýring var engin gefin. Farið var upp á loft og ég lokaður inni í mjög óhreinum klefa, allslausum nema hvað þar var flet með teppum og borðskrifli. Annars mega fangar á Litla-Hrauni hafa þægindi og annað, er þeir geta sjálfir útvegað, og hafði ég í klefa mínum sængurföt, stól, ritföng og gnægð bóka og blaða auk útvarpsheyrnartóls, er Hælið leggur til.

Morguninn eftir bað ég gæzlumanninn að skila því til fangavarðar, að ég vildi fá að vita, hvað þetta ætti að þýða. lét hann skila því svari, að hann hefði ekkert við mig að tala, en ég gæti hugsað mér, hvað það þýddi fyrir fanga „að strjúka úr vinnu“. lét gæzlumaður á sér skilja, að fangi mætti aldrei fara gæzlulaus ferða sinna utan Hælislóðar, og allra sízt gegnum mannabyggð eins og Eyrarbakka. Þó vissi ég fullvel, að fangar voru látnir fara einir hvert sem var í nágrenninu, þegar yfirmönnum bauð svo við að horfa. T. d. hafði ég sjálfur (og reyndar fleiri) verið látinn keyra mykju gegnum hálfan Eyrarbakka hér um bil heilan dag um vorið. Og einum eða tveim dögum eftir innilokun mína fyrir „strok úr vinnu“ var fanginn S. sendur fylgdarlaust með hest og kerru alla leið frá Litla-Hrauni og út í Þórðarkot gegnum allt kaптúnið. Og nokkrum dögum síðar var fanginn M. sendur einn frá Þórðarkoti til Hælisins sömu leið.

Í hinum nýja klefa var mér haldið einangruðum í ellefu sólarhringa, sviptur blöðum, bókum, útvarpi og öllu sambandi við aðra menn. Gestir mínir komu og fóru erindisleysu. Aðeins fékk konan að tala við mig undir eftirliti í 15 mínútur á

10. degi. Hælisreglurnar heita hverjum innibyrðum fanga hálfis tíma útivist, en ég kom aldrei undir bert loft. Engin skýring kom frá Hælishöfðingjanum allan þennan tíma.

Hvert átti fangi, sem leikinn var svo, að skjóta máli sínu?

Samkvæmt reglum Hælisins eru föngum veitt þau réttindi að fá að bera umkvartanir sínar fram við fangavörð. Hér var þessu ekki til að dreifa.

Var hægt að leita til dómismálaráðuneytisins, æðstu stofnunar „réttvisinnar“? Það hafði áður lýst því yfir, að það anzaði engum bréfum frá mér. Þangað var því ekki hægt að snúa sér. Mér var hugsað til lands eins í Mið-Evrópu, sem heimsfrægt er orðið fyrir tukthús og fangabúðir til handa stjórnarandstæðingum, lands, er fært hafði réttarfarið aftur til hins svartasta á miðöldum og gert fangameðferðina að grimmilegri hefndarráðstöfun ríkisins og numið allt réttaröryggi úr gildi. Voru handhafar „réttvisinnar“ á Íslandi farnir að líta á þetta sem dæmi um eftirbreytni?

Eftir mikil heilabrot varð mér hugsað til enn eins aðila réttarkerfisins, er kannske væri reynandi að snúa sér til, þ. e. sýslumannsins í Árnæssýslu. Ég fékk því skrif-föng lánuð hjá gæzlumanninum J., er starfaði þar í forföllum hinna, skrifaði sýslumanni og bað hann um viðtal. J. fór með bréfið til Teits (öll bréf fanga eiga að ganga í gegnum hendur hans) og fékk ávitur fyrir að hafa lánað mér skrif-færi. Ekki vildi Teitur gefa neitt út á það, hvort bréfið yrði sent eða ekki, þess vegna bað ég konu mína, er 15 mín. samtalið við hana átti sér stað, að tala við sýslumann.

Að liðnum 11 sólarhringum var ég aftur settur í minn fyrri klefa og fékk hálftrar klukkustundar útivist á dag. Fyrsta þætti aukarefsingarinnar fyrir að „strjúka úr vinnu“ virtist vera lokið. En áfram hélt innibyrgingin engu að síður.

Sýslumaður kom nokkru síðar. Ég skýrði fyrir honum málavöxtu og vildi heyra álit hans. Hann vildi ekki mikið um það segja, nema hvað hann viðurkenndi, að neitun daglegrar útivistar væri óheimil. Annars bað hann mig að skrifa skýrslu um málið og senda sér. Hann skyldi svo athuga, hvað hann gæti gert.

Skýrslu þessa gerði ég sama dag og afhenti gæzlumanni. Fleiri mánuðum síðar komst ég að því, að sýslumanni hafði ekki borizt hún í hendur. Hvort hún er ókomin í vörzlur hans enn þá, veit ég ekki, en afskipta hans af málinu varð ég aldrei var. Þess skal getið, að sýslumaður er í Hælisnefndinni.

Nokkru síðar átti ég loksins tal við fangavörðinn á varðstofunni. Var skýring hans sú, að auk „stroksins“ hefði ég einnig „rekið undirröður“ meðal fanganna (draugurinn uppvakinn á ný), og hefði ég spillandi áhrif á þá. Þess vegna yrði ég einnig framvegis hafður einangraður.

Engar sannanir færði hann fram til stuðnings ásökun sinni fremur en fyrri daginn, og þegar ég sveigði að því, að athuga mætti, hvað fangarnir hefðu að segja um þessi mál, var því eytt.

Á innibyrgingunni varð engin breyting. 23½ tími í klefanum og ½ tími úti á sólarhring. Engir gestir fengu að tala við mig, nema konan ofurlitla stund á sunnudögum undir eftirliti.

22. sept. kallaði fangavörðurinn á mig og tilkynnti, að nú ætti ég að hefja úti-vinnu á ný. Engin skilyrði sett og ekkert látið í ljós um það, hvornig ætti að vernda piltana (sem Teitur bar svo mjög fyrir brjósti!) fyrir spillingu af mínum völdum.

„Strokið“ og „áróðurinn“ hafði kostað fimmtíu og tveggja daga klefavist.“

Það virðist auðsætt, að engin ríkisstjórn getur látið svo þungar og rækilega rökstuddar ásakanir á embættismenn ríkisins fram hjá sér fara án þess að hefja rannsókn.

Að þeirri rannsókn lokinni þarf að gera gagngerðar ráðstafanir til umbóta. En fyrst og fremst verður að krefjast þess, að föngum verði tryggt það lágmark réttaröryggis, sem tíðkast í öllum síðuðum löndum, að gætt sé einfaldasta hreinlætis í fangelsunum og að ekki verði valdir með öllu óhæfir menn í fangavarðarstöður.